

Stuðboltarnir

4.fundur

Nemendafulltrúaráð 2.-3. bekkja Fundur 18. mars 2018

Mættir voru nemendafulltrúar úr 2. og 3. bekk.

1. Endurmat á árshátíð

Allir voru ánægðir með árshátíðina. Nemendum fannst góður matur og gaman að gera myndböndin. Atriðin voru skemmtileg og það var hátíðlegt að skreyta. Skemmtilegt að fá að bjóða gestum og fá heimsókn frá leikskólunum á generalprufuna. Dansinn gekk vel og var skemmtilegur og sömuleiðis flautuleikurinn. Það væri kannski gaman að halda eina stóra árshátíð fyrir allan Hópsskóla?

2. Umhverfisstefna GG, eru nemendur með einhverjar athugasemdir?

Nemendum finnst gott að hafa umhverfisstefnu. Nemendur telja að þeir þurfi að bæta sig í að slökkva ljós og minna hvort annað á að setja pappír og plast á réttan stað. Það er gott að fræðast um náttúruna og allir ætla að leggja sig fram um að fræða foreldra sína og systkini. Nemendur eru duglegir að skammta sér minna á diskana í hádeginu svo minna fari til spillis. Nemendur eru sammála um að það vanti betri leiðbeiningar fyrir flokkunarfötturnar.

3. Hugmyndir fyrir vinabekkjadag sem verður föstudaginn 11. maí:

- Spila (koma með spil að heiman)
- Lita og mála
- Kahoot
- Perla
- Útivist
- Borða saman
- Bjóða uppá kakó, sykurpúða og pönnukökur eða vöflur
- Fara í leiki
- Puttapjóna
- Ganga í kringum Þorbjörn eða uppá hann

- Fara í Selskóg
- Gera vinabönd, eldri gera fyrir yngri og öfugt
- Lesa bækur
- Leika með dúkkulísur
- Semja saman vísur
- Eldri vinabekkur ætti að kenna yngri að þrjóna
- Dansa
- Fótbolti
- Körfubolti
- Horfa á bíómynd
- Fara í Þrumuna
- Ipad
- Just dance
- Fara í skotbolta, eltingaleik eða dimmalimm
- Baka
- Syngja saman

4. Önnur mál

- Laga netin á fótoltavellinum og stækka völlinn
- Hafa oftar pizzu og pítu í matinn
- Hafa fleiri dansæfingar – danstíma
- Hafa fimleika í skólanum
- Hafa fleiri stærðfræðipróf
- Það væri gaman að fá trampólínloftbelg
- Fá aparólu
- Hafa kakósúpu í matinn
- Horfa saman á bíómynd
- Við eigum að koma fram við aðra eins og við viljum láta koma fram við okkur
- Nemendur eru búnir að bæta sig í að ganga á göngunum og hengja fötin á snagana

Fleira ekki gert og fundi slitið,

Guðrún Inga Bragadóttir